

### Fjölbreytt rannsóknarverkefni

Nemendur í meistaranámi vinna 60 eininga rannsóknarverkefni. Margvísleg meistaraverkefni hafa verið unnin á undanförunum árum, til dæmis:



#### Hólmfríður Margrét Bjarnadóttir

hjúkrunarfræðingur, M.S. í heilbrigðisvísindum 2009

**Heiti verkefnis:** Áhrif svæðameðferðar á þunglyndi og kvíða: Að meðhöndla hið stóra í gegnum hið smáa.

„Námið veitti mér tækifæri til að vinna að nýsköpun á sviði óhefðbundinna meðferða á heilbrigðisviði. Slík vinna er mikilvæg, eflir viðsýni og er grundvöllur þess að viska vísindanna nýtist fræðimönnum til að vinna að sameiginlegum markmiðum. Auk þess skapar hún ný tækifæri í framtíðinni.“

#### Unnur Árnadóttir

sjúkraþjálfari, M.S. í heilbrigðisvísindum 2009

**Heiti verkefnis:** Hvað finnst foreldrum barna með hreyfihömlun um þjónustu sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara og talmeinafræðinga? Mat á fjölskyldumiðaðri þjónustu.

„Skipulagning meistaranámsins er góð í alla staði og hentar mjög vel með starfi. Góð námskeið sem fjalla um fötun og endurhæfingu og auðvelt að sniða námið að sínum áhugaeefnum. Frábært nám sem hentar breiðum hópi heilbrigðisstarfsfólks.“

#### Guðrún Elín Benónýsdóttir

hjúkrunarfræðingur, M.S. í heilbrigðisvísindum 2008

**Heiti verkefnis:** Reynsla og upplifun eldra fólks af heilbrigði og heilsuefingu.

„Námið er fjölbreytt og uppbygging þess veitti mér tækifæri til að leggja áherslu á það sem ég hef mestan áhuga á.“

#### Unnur Pétursdóttir

sjúkraþjálfari, M.S. í heilbrigðisvísindum 2009

**Heiti verkefnis:** Áhrifabættir þjálfunar hjá fólki með slitgigt. Hvað hvetur, hvað letur?

„Einn skemmtilegasti hluti námsins er að hitta heilbrigðisstarfsmenn úr ýmsum fagstéttum og ræða mál. Námið krefst mikils af nemendum og því er góð skipulagning nauðsynleg. Á heildina litið er þetta frábært nám sem hiklaust má mæla með.“

Heilbrigðisvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Sólborg, Norðurlóð 2  
600 Akureyri  
Sími: 460 8000

Skrifstofustjóri  
heilbrigðisvísindasviðs:  
Lára Garðarsdóttir,  
sími 460 8036,  
netfang: lara@unak.is

Forseti  
heilbrigðisvísindasviðs:  
Árún K. Sigurðardóttir,  
netfang: arun@unak.is

Formaður framhaldsnámsdeildar  
heilbrigðisvísindasviðs:  
Sigríður Halldórsdóttir, prófessor,  
netfang: sigridur@unak.is

[www.unak.is](http://www.unak.is)

Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

10|11

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

DIPLÓMU- OG MEISTARANÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

[www.unak.is](http://www.unak.is)





## DIPLÓMU- OG MEISTARANÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri er þverfaglegt diplómu- og meistaranám. Lögð er áhersla á frelsi nemanda til að velja sér áherslur og að hann fái ráðgjöf við valið. Meistaránamið veitir prófgráðuna M.S. í heilbrigðisvísindum (120 ein.) og diplómunámið Dipl. í heilbrigðisvísindum (40 ein.).

### Kennsluhættir og -tilhögun

Áhersla er á virkni nemenda og umræður. Að jafnaði eru verkefni í stað prófa. Kennarar í lotum og námið skipulagt þannig að stunda megi vinnu með því. Yfirleitt standa tveir sérfræðingar að hverju námskeiði og þar með fá nemendur meiri hugmynda- og þekkingarfræðilega breidd í námi sínu en ella. Námslotur eru fjórar á hverju misseri. Forsenda fyrir gagnrýnni umræðu er að nemendur mæti í loturnar, það auðveldar alla verkefnavinnu og auk þess kynna þeir hver öðrum og kennurum sínum. Opin málþing eða ráðstefnur eru haldin í tengslum við mörg námskeiðin. Til viðbótar almennu framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum eru boðnar námsleiðir þar sem nemendum gefst kostur á að leggja áherslu á öldrun, fötlun og endurhæfingu, eða krabbamein og líknandi meðferð.

Sólveig Ása Árnadóttir, lektor leiðir fræðasviðið um öldrun. Kjarnanámskeiðið í því námi er Öldrun og heilbrigði í íslensku samfélagi, þar sem sjónum er beint að heilbrigði, virkni og vellíðan aldraðra. [saa@unak.is](mailto:saa@unak.is)

Elísabet Hjörleifsdóttir, dósent, leiðir fræðasvið með áherslu á krabbamein og líknandi meðferð og ber kjarnanámskeiðið í því námi sama heiti, þ.e. Krabbamein og líknandi meðferð. [elisabet@unak.is](mailto:elisabet@unak.is)

Þá er í samvinnu við viðskipta- og raunvísindasvið HA boðin námsleið með áherslu á stjórnun innan heilbrigðisþjónustunnar. Auk framangreindra námskeiða bættast þar við námskeiðin Forysta og árangur og Alþjóðleg mannaúts- og þekkingarstjórnun.

Skýldunámskeið í meistaranámi	Valnámskeið skólaárið 2010-2011	Valnámskeið skólaárið 2011-2012
Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta: Staða, stefnur og straumar	Fötlun og samfélag	Krabbamein og líknandi meðferð
Eigindlegar rannsóknir	Langvinnir sjúkdómar og lífsglíman	Endurhæfing, efling og lífsgæði
Megindlegar rannsóknir	Öldrun og heilbrigði í íslensku samfélagi	Stjórnun, rekstur og ígrundun



„Námskeiðið Endurhæfing, efling og lífsgæði var vel skipulagt og samþætting milli námslota einstaklega góð. Kennarar í námskeiðinu komu úr hinum ýmsu fagstéttum og voru með ólíka menntun og starfsreynslu. Þetta hafði í för með sér að mismunandi sjónarhorn komu fram sem skapaði grundvöll fyrir áhugaverðar og lærdómsríkar umræður. Töluverður sveigjanleiki var við val á verkefnatengdum viðfangsefnum og því gafst nemendum gott tækifæri til að tengja efni námskeiðs við eigin áherslur og áhugasvið í námi.“

**Sólrún Óladóttir**  
meistaraneimi í heilbrigðisvísindum



### Fræðasvið um fötlun og endurhæfingu

Fræðasvið um fötlun og endurhæfingu leiða þær, Snæfríður Þóra Egilson, prófessor, með áherslu á börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra, og Guðrún Pálmadóttir, dósent, með áherslu á endurhæfingu og eflingu fullorðinna. Í náminu er fjallað um hugmyndafræði og stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks og gerður samanburður á ólíkum sjónarmiðum er varða heilsu, heilbrigðisvanda og fötlun. Að auki er veitt greinargóð innsýn í hlutverk endurhæfingar við að efla fólk og auka lífsgæði þess. Markmiðið er að nemendur fái yfirgripsmikla þekkingu sem nýtist þeim til að leggja gagnrýnið mat á endurhæfingu og aðra þjónustu við fatlað og langveikt fólk í íslensku samfélagi. Kjarnanámskeiðin eru Fötlun og samfélag og Endurhæfing, efling og lífsgæði.

Dr. Snæfríður Þóra Egilson er prófessor við heilbrigðisvísindasvið HA. Hún lauk prófi í iðjubjálfun frá Osló, meistaraprófi í iðjubjálfun frá San Jose háskólanum í Kaliforníu og doktorsprófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Snæfríður starfaði um árabíl sem iðjubjálfi með fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Rannsóknir Snæfríðar beinast einkum að þátttöku fatlaðra barna og ungmenna í samfélaginu, í skólanum og á öðrum vettvangi. Önnur rannsóknarverkefni tengjast m.a. fjölskyldum fatlaðra barna og reynslu þeirra af þjónustukerfinu. [sna@unak.is](mailto:sna@unak.is)

Guðrún Pálmadóttir er dósent við heilbrigðisvísindasvið HA. Hún lauk prófi í iðjubjálfun frá Árósarháskóla í Danmörku, meistaraprófi í þroska- og fjölskyldufræðum frá Kólórádóháskóla í Bandaríkjunum og hefur stundað viðbótarnám í rannsóknaraðferðum við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Guðrún hefur langa reynslu af starfi innan endurhæfingar, einkum með fullorðnum einstaklingum er glíma við fjölþættan heilsufarsvanda. Rannsóknir Guðrúnar lúta að reynslu fólks af endurhæfingu, samskiptum fagfólks og skjólstæðinga og þátttöku og líðan fólks með fötlun eða langvinnan heilsuþrest. [guðrunp@unak.is](mailto:guðrunp@unak.is)

### Inntökuskilyrði

Umsækjendur skulu hafa lokið B.S.-námi á sviði heilbrigðisvísinda eða skyldra greina með að öllu jöfnu fyrstu einkunn frá viðurkenndri háskólastofnun.

### Umsóknir og innritunargjald

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á [www.unak.is](http://www.unak.is). Innritunargjald fyrir skólaárið 2010–2011 er kr. 45.000.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2010.



„Við Háskólann á Akureyri er mjög áhugaverður kostur í boði fyrir stjórnendur heilbrigðisstofnana. Námið er hagnýtt frá fyrsta degi á sama tíma og faglegar kröfur eru miklar.“

**Þröstur Óskarsson**  
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og meistaraneimi í heilbrigðisvísindum

